

# 61. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu íslenskra fræða, fimmtudag, 12. nóvember, 2009, kl. 12.45.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Margeir Ingólfsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Edda Antonsdóttir Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Sigurjón Mýrdal og Þóra Húgósóttir.

Fundarefni:

1. Dagskrá dagsins með ráðherra.
2. Nemendatölur og starfsmannamál.
3. Reikningsskil mötuneytisins.  
- framtíðarrekstrarhorfur.
4. Vinna við stefnumótun
5. Fjárlagafrumvarpið
6. Önnur mál

Formaður setti fund.

Samþykkt var að hnika til dagskrá, þannig að 3. liður á dagskrá: ársreikningur mötuneytisins sé tekinn fyrir fyrst.

## 1. Reikningsskil mötuneytisins.

- framtíðarrekstrarhorfur.

G. Erna Halldórsdóttir, gjaldkeri mötuneytis sat fundinn undir þessum lið. Skólameistari dreifði ársreikningi (*fskj. 1*) og leiddi fundarmenn í gegnum hann. Þau Erna voru enn fremur til svara varðandi einstaka þætti.

Hagnaður var af rekstri nemur um 6.7 milljónum.

Fram kom ánægja með niðurstöðu reikningsins.

Til kynningar.

## 2. Dagskrá dagsins með ráðherra.

Skólameistari kynnti dagskrá heimsóknar Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, sem hefst kl 14.00.

## 3. Nemendatölur og starfsmannamál.

Páll lagði fram yfirlit yfir nemendafjölda (*fskj. 2*), þróun hans undanfarin ár og skiptingu nemenda eftir landshlutum og fylgdi úr hlaði.

Skólameistari dreifði lista yfir starfsmenn skólans (*fskj. 3*) og fór síðan yfir ýmislegt sem tengist starfsmannamálunum. Lýsti hann ánægju með stöðugleika í starfsmannamálum og góðan starfsanda.

## 4. Vinna við stefnumótun

Skólameistari fylgdi umfjöllun úr hlaði og greindi frá stöðu vinnunnar og áætlun um framhald.

## 5. Fjárlagafrumvarpið

Skólameistari dreifði bréfi frá 28. október (*fskj. 4*), þar sem fram kemur áætlað framlag til skólans skv frumvarpi til fjárlaga 2010. Hann fjallaði síðan um ýmis mál sem tengjast því.

## 6. Önnur mál

a. Skólasamningur.

Skólameistari fjallaði um vinnu við endurnýjun skólasamnings, sem stendur nú yfir. Nú er verið að vinna að samningi til 2ja ára - 2010-2012.

b. Innritunargjald

Skólam. greindi frá því að heimild væri komin til að hækka innritunargjald í kr. 6.000 á önn. Hann hefur ákveðið að þessi hækkun taki gildi hér frá og með næstu önn. Til kynningar.

c. Margeir fjallaði lítillega um stöðu málefna Héraðsskólans til upplýsingar.

d. Edda óskaði eftir að fundargerðir skuli sendar út með fundarboði. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:00

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason